



Tegundir og gerðir skráningarmarkja

Almenn merki:



Almenn merki hafa hvítan flöt með endurskini með bláa rönd á brúnum og bláa stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða. Þjóðarmerki er vinstra megin við bókstafi á öllum almennum merkjum nema af gerð C. Gerð C er eingöngu fyrir bifhjól.

Vsk merki:



Vsk-merki hafa hvítan flöt með endurskini með rauða rönd á brúnum og rauða stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða og rauður, upphleyptur tígullaga flötur er vinstra megin við bókstafi.

Einkamerki:



Einkamerki hafa hvítan flöt með endurskini með bláa rönd á brúnum og bláa stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða.

Utanvegamerki:



Utanvegamerki hafa hvítan flöt með endurskini með græna rönd á brúnum og græna stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða og grænn upphleyptur tígullaga flötur er vinstra megin við bókstafi.

Sendiráðsmerki:




Sendiráðsmerki hafa grænan flöt með endurskini með hvíta rönd á brúnum og hvíta stafi. Bókstafirnir skulu vera CD og í stað þriggja tölustafa í almennri skráningu skal vera einn bókstafur og tveir tölustafir. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða.

Olíumerki:



Olíumerki hafa dökkgulan flöt með endurskini með svarta rönd á brúnum og svarta stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða og svartur upphleyptur tígullaga flötur er vinstra megin við bókstafi.

Undanþágumerki:



Undanþágumerki hafa hvítan flöt með endurskini með græna rönd á brúnum og græna stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða. Þjóðarmerki er vinstra megin við bókstafi á öllum undanþágumerkjum nema af gerð C.

Reynslumerki:



Reynslumerki hafa rauðan flöt með endurskini með svarta rönd á brúnum og svarta stafi. Reynslumerki skulu bera stafina RN og fyrir aftan þá þrjá tölustafi. Upphleyptur flötur er fyrir gildismiða sem sýnir leyfilegan notkunartíma reynslumerkis.

Dráttarvélamerki:



Dráttarvélamerki hafa hvítan flöt með endurskini með bláa rönd á brúnum og bláa stafi. Ekki er upphleyptur flötur fyrir skoðunarmiða.

Torfærumerki:



Torfærumerki hafa rauðan flöt með endurskini með hvíta rönd á brúnum og hvíta stafi. Ekki er upphleyptur flötur fyrir skoðunarmiða.

Léttbifhjólamerki I & II:



Léttbifhjólamerki I hafa appelsínugulan flöt með endurskini með hvíta rönd á brúnum og hvíta stafi. Léttbifhjólamerki II hafa bláan flöt með endurskini með hvíta rönd á brúnum og hvíta stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða á léttbifhjóli II.

Aukamerki:



Aukamerki hafa sama lit á grunni og stöfum og er á skráningarkerki þeirrar bifreiðar sem dregur tengtækið, en án lítaðra, upplýftra brúna og án upphleypts flatar fyrir skoðunarmiða.

Tollamerki:

A **12 9999 99**

C **1 99 9
2 99 9**

Tollamerkin skulu vera með fjórum hvítum tölustöfum á svörtum grunni. Á hvorri hlið skráningarkerkis skal vera lóðrétt rauð rönd. Vinstra megin skal skrá með hvítum tölustöfum röð þess mánaðar og hægra megin tvo síðustu tölustafi þess árs þegar gildistíma skráningar lýkur.